

iðnaði á erfitt uppdráttar vegna þess hve lítinn markað hann hefir. Hjer er sjerstakt tækifæri til þess að gera tilraunir á ódýran hátt, til umbóta og er þess að vænta að þeir sem sjerstaklega eiga hjer hlut að máli, bregðist vel við og geri sem fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda í þessu efni.

Aldarminning



ARNI THORSTEINSSON
landfógeti.

Á skírdag voru 100 ár liðin frá fæðingunni Árna Thorsteinsson landfógeta.

Hann var fæddur að Arnarstapa í Snæfellsnessýslu þ. 5. apríl 1828; þar ólst hann upp hjá foreldrum sínum, Bjarna Thorsteinsson amtmanni og konu hans, Þórunni Hannesdóttur biskups í Skálholti Finnssonar. Þeir voru þrír bræðurnir: Árne landfógeti, Finnur lögfræðingur í Álborg og Steingrímur rektor.

Æskuárin öll voru bræðurnir á Arnarstapa. 16 ára gamall fór Árne í Bessastaðaskóla og útskrifaðist úr þeim skóla, er þá var kominn til Reykjavíkur, voru ið 1847. Embættisprófi í lögum lauk hann við háskólann í Kaupmannahöfn 1854. Tveim árum síðar varð hann sýslumaður í Snæfellsnessýslu, gegndi því embætti í 5 ár og bjó þá í Stykkishólmi.

Árið 1861 fluttist Árne Thorsteinsson til Reykjavíkur; var

hann þá skipaður landfógeti og jafnframt bæjarfógeti í Reykjavík; þjónaði hann báðum þeim embættum í 18 ár, þar til þau voru aðskilin 1874, en upp frá því gegndi hann landfógetaembættinu einu.

Lengi mun þessa mæta manns minst meðal mestu og bestu brautryðjenda íslensks atvinnulífs á síðari hluta 19. aldar. Jafnframt því sem hann gegndi umsvifamiklu embætti vann hann ótrauðlega að margskonar störfum er til framfara horfði á sviði atvinnuvega vorra.

Hinar fjölmörgu greinar hans um umbætur á sviði atvinnuveganna hjer bera ljósan vott um elju mannsins, framsýni hans og trú á framtíðarmöguleika landsins. Svo víðsýnn var hann að hann ritaði jafn ljóst og hvetjandi um landbúnað sem fiskveiðar, íþróttir og innanhússtörf.

Og þó hann starfaði á þeim tímum, er það þótti mikið í ráðist að gera brýr á Elliðaárnar, er sitthvað af framfarahugleiðingum hans fyrst nú að komast til framkvæmda.

En fagur vottur um ást og umönnun landfógetans á gróðri landsins og því sem íslenskt er, er skrudgarðurinn við íbúðarhús hans Austurstræti 20, er enn nýtur sín í fullum blóma undir umsjá Hannesar Thorsteinsson.

Árið 1861 kvæntist Árne landfógeti frænku sinni Sofíu dóttur Hannesar Johnsen kaupmanns, er var sonur Steingrims biskups Jónssonar. Þau lifðu saman til dauðadags í ástriku hjónabandi, heimilinu viðbrugðið fyrir háttprýði og höfðinglyndi. Af 9 börnum þeirra eru 3 á lífi: Hannes f.v. bankastjóri, Árne tónskáld bókari og Þórunn ekkja Franz Simsen sýslumanns. Árne Thorsteinsson landfógeti andaðist að heimili sínu 29. nóvember 1907, tveim árum eftir að hann ljét af embættisstörfum, tæpra 80 ára að aldri.

Frú Annie Leifs, hjelt píanóhljómléika 21. mars í Grand Salle Pleyel í París, fyrir 3000 áheyrendum. Fjekk frúin mikið lof fyrir frammistöðu sína. (FB.)

bandi tilfærir hann orð Andrew Carnegie's í bók hans „Popular Illusions about Trust“, þar sem miljónamæringurinn segir:

„Ef nokkur er óyggjandi sannleikur í þessu lífi, þá er það, að því lægra sem verð framleiðsluvörunnar er, hvort sem það er munadarvara eða nauðsynjavara, því meiri skilyrði hefir hún fyrir hinni víðtæku útbreiðslu. Að framleiða 10 smálestir af stáli á dag er tiltölulega miklu dýrara en að framleiða 100 smálestir. Að framleiða 100 smálestir er nákvæmlega helmingi dýrara en að framleiða 1000 og langtum ódýrara verður því að framleiða 10,000 smálestir. Því meiri sem framleiðslan er, því ódýrari verða vörurnar almenningi, sem þarf að nota þær. 20 þús. smálestir gufuskjip flytur eina smálest af vörum fyrir lægra gjald en fyrsta gufuskipið flutti eitt pund.“

Og Henry Ford heldur áfram í bók sinni „Today and tomorrow“ „Almenningur hefir alist upp við það að líta tortryggisáugum á auðfjelögin. Menn óttast þessi fyrirtæki sumpart af því að þeir skilja þau ekki og sumpart af því að þeim stendur stuggur af auðvaldinu. Hugtök unum „big business“ og „big money power“ er of oft blandað saman. Hin almenna skoðun á þessu efni er mörg ár á eftir tím-
annum.
Það er miklu auðveldara að græða peninga með heiðarlegum hætti en með rangindum.“
Til sönnunar því, hvað olíuhringurinn í Bandaríkjunum hefir stuðlað að því undir stjórn Rockefeller's síðustu 43 árin að lækka olíuverðið, er tafla sú, sem hjer fer á eftir, sem sýnir verðið á 1 gallon á þessu tímabili (1 gallon = 3,78 lítrar):

Árstíðaskrá
Heilsuhælisfjelagsins
og fleira.

Út af ummælum, sem komið hafa fram á Alþingi og í frásögn blaða um umræður þar viðvíkjandi Oddfellowfjelaginu og fje því, er safnast hefir á liðnum árum til Árstíðaskrár Heilsuhælisins, teljum vjer rjett að taka fram það sem hjer segir:

Árstíðaskráin var gefin Heilsuhælisfjelaginu. Það fjelag tók allar tekjur af heimi þangað til Heilsuhælisfjelaginu var breytt í „Berklavarnafjelag Íslands“ árið 1924. Síðan hefir það fjelag tekið allar tekjur af Ártíðaskránni.

Öllum kröfum út af meðferð þess fjár, sem safnast hefir til Árstíðaskrárinnar, hlýtur því að eiga að beina til Berklavarnafjelags Íslands.

Ennfremur viljum vjer taka það fram, að gjafir þær, sem aðalfundur Berklavarnafjelags Íslands hefir gefið ýmsum stofnunum og fjelögum hjer á landi til útrýmingar berklaveikinnar, eru gefnar úr hin um almenna sjóði fjelagsins, og bæði það fje, svo og sjóðfje það, sem fjelagið nú á, stafar auðvitað ekki einungis frá Árstíðaskrárgjöfum heldur einnig frá öðrum tekjum Heilsuhælisfjelagsins og Berklavarnafjelags Íslands, t. d. gjöfum og áheitum einstakra manna beint til fjelaganna, tillögum deilda og ýmsu fleira.

Um alt þetta hefir stjórn Berklavarnafjelags Íslands ritað Stjórnarráðinu, að gefnu tilefni, ræki-legt brjef 15. ágúst 1926, en efri þess brjefs sjáum vjer að svo stöddu enga ástæðu til að rekja. Teljum vjer þetta sem þegar er sagt nægja til leiðrjettingar og skilningsauka fyrir þá, sem ókunnir eru málavöxtum. Ammars munum vjer að sjálfsögðu fúsir til að gefa allar frekari skýringar um málefni þessi, ef frekara tilefni gefst.

Reykjavík 4. apríl 1928.

Stjórn Berklavarnafjelags Íslands.
Magnús Pjetursson. E. Claessen.
Sighvatur Bjarnason
H. Árnason. Sæm. Bjarnhjeðinsson.

1870	30,5 cents
1875	14,1 —
1880	8,6 —
1885	8,7 —
1890	7,4 —
1895	4,9 —
1900	7,8 —
1905	6,8 —
1910	6,2 —
1913	6,3 —

Og það sem Rockefeller hefir gert til þess að lækka olíuverðið í heiminum fyrir tilverknað olíuhringsins, hefir Carnegie gert að því, er til járn- og stálframleiðslu Bandaríkjana kemur.

Áður fyrr átti England 2/3 hluta af allri járn- og stálframleiðslu í heiminum, en á síðustu áratugum hefir framleiðsla Ameríku aukist með undraverðum hraða og hefir stálhringurinn átt bestan þátt í því. Hversu hraðfara framfarirnar hafa verið á þessu eina sviði iðnaðarins má sjá af töflu þessari:

Þringlið með háskólann.

Fyrir Alþingi liggja nú tillögur, sem fara fram á að loka háskólanum fyrir stúdentum, en opna hann fyrir öllum öðrum.

Eins og skýrt hefir verið frá áður hjer í blaðinu, fluttu Framsóknarmenn í mentamálanefnd Nd. frv., þar sem háskólaráði var heimilað að takmarka tölu þeirra stúdentna, er stunda mega nám við háskólann. En þar sem áliðið er þingtímans og gerræði þetta mun sæta harðvitugri mótspyrnu, má gera ráð fyrir að málið dagi uppi að þessu sinni. En ekki er ósennilegt að það risi upp aftur, þar sem stjórnin er málinu fylgjandi.

Skömmu eftir að frv. þetta, um hömlur á mentabraut stúdentna, kom fram, var útbýtt á Alþingi svohljóðandi þál.till.:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, er heimili mönnum:

a. að stunda nám við háskólann og taka þar embættispróf, ef þeir hafa til þess nægan þroska og þekkingu, þótt ekki hafi þeir tekið stúdentspróf.

b. að taka meistara- og doktorspróf við háskólann, ef þeir hafa samið og afhent háskólaráðinu vísindalegar ritgerðir, er fullnægja þeim skilyrðum, sem gera verður til slíkra ritgerða, þótt þeir engin próf hafi tekið áður.“

Flutningsmenn tillögu þessarar eru tveir sósíalistar og G. Sig. 2. þm. Rangæinga.

Ekki er ósennilegt, að það hljómi undarlega í eyrum ýmsra að á sama tíma, sem verið er að tala um að loka háskólanum fyrir stúdentum, þá eigi að opna hann fyrir öllum, sem ekki eru stúdentar!

Stúdentafjelag Reykjavíkur hjelt fund s.l. miðvikudag, til þess að ræða þessa síðustu tillögu í mentámálum vorum. Sigurður prófessor Nordal hóf umræður.

Eftir langar umræður komu fram tvær tillögur í málinu:

Önnur till. var frá prófessor Sig. Nordal svohljóðandi:

„Stúdentafjelagið skorar á Alþingi, að setja engin lög um aðgang annara en stúdentna að embættispröfum, meistara- nje doktorspröfum við háskólann, nema trygt sje með sjerstöku prófi, að þekking þeirra og

þroski jafngildi því, sem heimtað er til stúdentsprófs.“

Hin tillagan, sem samþykkt var, eða fjekk fleiri atkvæði en till. S. N., var frá stúdentunum Pjetri Benediktssyni og Pjetri Hafstein og var svohljóðandi:

„Stúdentafjelag Reykjavíkur skorar á Neðri deild Alþingis að fella þingsályktunartillögu þá er fyrir deildinni liggur, um háskólanám annara en stúdentna og um meistara- og doktorspróf.“

Þessi tillaga er send Alþingi, sem ályktun stúdentafjelagsins í málinu.

Útvarpinu lokað.

Í gærkvöldi var útvarpsstöðinni hjerna lokað vegna þess, að ómögulegt hefir reynst þrátt fyrir marg ítrekaðar tilraunir að fá landsstjórnina til þess að taka neinar ákvarðanir í þessu máli.

Eins og almenningi er kunnugt, hefir h.f. Útvarp átt við mikla fjárhagsörðugleika að stríða. — Byrjunarörðugleikar hafa margir verið á vegi þessa nýtsku þjóðþrifa fyrirtækis.

En þó erfiðlega hafi gengið reksturinn, hefir útvarpsfjelagið unnið það á, fyrir alþjóð, að allur almenningur í landinu hefir skilið, að útvarpslaus getur þjóð vor ekki verið. Útvarp er þjóðinni nauðsynlegt, ekki síst sveitunum.

Þó eru enn til þeir menn hjer á landi, sem enn hafa eigi skilið, hvaða þýðingu útvarpið hefir fyrir almenning til sjávar og sveita. Og þannig vill til, að einmitt þeir menn eru í landsstjórn.

Forsætisráðherrann Tryggvi Þórhallsson hefir blátt áfram færst undan því, að tala um málið, ræða það, reyna að koma því á framfæriðarrekspöl, leitast við að forðast að öll útvarpsstarfsemi hætti hjer:

Fjelagsmenn í útvarpsfjelaginu hafa lagt mikið fje í starfsemi þessa. Þeir hafa boðist til að leggja enn fram stórfje að nýju, í þágu þessa fyrirtækis, ef landsstjórnin vildi sinna samvinnu.

Öllum hlýtur þó að skiljast, að nú um hávertíðina má útvarpsstarfsemi ekki stöðvast einn einasta dag, þaræð margar verstöðvar fá veðurskeyti gegnum útvarpið

Járnframleiðsla Bandaríkjana:	
1870	68,750 smál.
1880	1,247,335 —
1890	4,277,071 —
1900	10,188,329 —
1910	26,094,919 —
1920	42,132,934 —
1926	47,250,000 —

Þessar tölur sýna það betur en nokkuð annað, hversu geysilegt afl auðarinn er til þeirra hluta sem gera skal og samsafni hans er þessi mikla framleiðsluaukning eingöngu að þakka.

En Mr. Barker sleppir einu atriði að miklu leyti. En það er að skýra, hvernig á því stendur, að einstaklingsfrelsi og framtak skuli vera meira í hávegum haft í Ameríku en nokkursstaðar annarsstaðar. Það væri gaman að lýst væri þeim áhrifum, sem maður eins og Darwin hefir haft með kenningum sínum um baráttuna fyrir tilverunni og sigur þess sterkasta og hæfasta í bar-

áttunni fyrir daglegu brauði.

James Bryce gleymdi ekki þessu atriði.

Menn verða nefnilega að skilja, að ameríska lýðveldið er að öllu leyti reist á grundvelli einstaklingsfrelsis og einkaframtaks. Án þess að skilja þetta, getum vjer í gamla heiminum aldrei gert okkur grein fyrir vexti og viðgangi iðnaðarins í Ameríku.

Það hefir þannig haft höfuð þýðingu fyrir framfarir Bandaríkjana, að æðstu yfirvöldin í hinum 48 ríkjum og þingið í Washington hafa hliðrað sjer sem allra mest hjá að blanda sjer í daglegt líf borgaranna. Engar hömlur á leiðinni upp á við — engin stjórn til þess að taka ráðin af einstaklingnum þegar hann vill taka sjer fram og sjer hyggilegri, fljótfarnari og ódýrari leið að markinu.

Þegar það tókst, þrátt fyrir þessa grundvallarhugsun Amer-